

Nr. 120 / 11 Oddgeir EA 600***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 1039
Smíðaður: Bozenburg Þýskalandi 1967, Stál
Stærð: 246,5 brl. 365,7 bt.
Mesta lengd: 37,82 m Skráð lengd: 34,72 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05
Vél: Caterpillar 738 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 10



Oddgeir ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Pann 18. apríl 2011 var Oddgeir EA 600 á togveiðum. Veður: N 10 m/sek.

Skipverjar voru að renna til færibaldi sem lék á braut undir lestarloftinu og stóðu þeir við þetta uppi á karastæðunum um 1,5 metra neðan við bandið. Eftir ítrekaðar tilraunir við að hnika því til lagðist einn þeirra á bakið og spyrnti með fótunum í bandið en þá fór hjól úr stýringu brautarinnar. Bandið féll niður á skipverjann og kastaði honum út í bakborðssíðu en í fallinu rakst höfuð hans utan í og rotaðist hann.

Við atvikið bólgnaði slasaði neðst á baki og tognaði á hægri hendi og ákvað skipstjóri að sigla með hann til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki er vitað hver þungi aflans var sem bandið flutti. Skipstjóri taldi færibaldið vera yfir 200 kg og festingarnar í brautinni í lestarloftinu farnar að slitna;
- að sögn slasaða var komið verulegt slit í fóðringar í brautinni svo það stóð stundum fast. Í þetta skipti var ekki hægt að hreyfa það til með nokkru móti og tilraunir skipverja enduðu með því að hjólin fóru út úr brautinni;
- að eftir slysið voru hjólin fóðruð upp á nýtt og þá rann bandið eðlilega eftir brautinni. Einnig var komið fyrir þrískorinni handdreginni trissu til færslunnar en falurinn var alltaf að þvælast fyrir á vinnusvæðinu svo hún var tekin niður. Nokkrum mánuðum síðar fór aftur að bera á sliti í brautinni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var ófullnægjandi búnaður.